

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Lindargötu 2  
B.t. Íris Bjargmundsdóttir  
101 Reykjavík  
postur@uar.is



Reykjavík, 8. október 2018

### **Efni: Ábendingar um endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum**

Samtök ferðaþjónustunnar vilja koma á framfæri eftirfarandi ábendingum um í heildarendurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum.

Samtökin hafa áður átt aðild að umsögn um drög að frumvarpi um breytingu á lögum 106/2000 og vilja í því samhengi benda sérstaklega á að núverandi matsferli og leyfisveitingar hafa einkennst af fjölda kærumála. Kærur koma seint fram sem flækir gríðarlega möguleg viðbrögð við veigamiklum athugasemdum og þjónar slíkt varla markmiðum laganna. Þá hafa úrlausnir úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála tekið langan tíma og aukið enn frekar á óvissu framkvæmdaaðila.

Samtökin benda á að bæta þarf matsferlið með það að markmiði að kærur eigi sér fyrst og fremst stað á fyrstu stigum ferlisins, áður en endanlegt framkvæmdaleyfi er gefið út.

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllt  
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Gunnar Valur Sveinsson